

Þorrablót Fnóskdæla

Verður haldið í Stórutjarnaskóla
laugardagskvöldið 28. Janúar 2017
Húsið opnað kl 19:30 og borðhald hefst kl 20:30
Diskar og glös verða á borðum en ekki hnífapör
Hljómsveitinn SOS frá stóra hvalaskoðunarbænum
leikur fyrir dansi
Miðaverð 2.500 kr ATH posi ekki á staðnum
Aldurstakmark 16 ára.
Eitthvað fleira auglýst síðar
Nefndin



Græna mílan Bíódagur í Laugabíó

Sunnudaginn 15. janúar klukkan 13.30, býður Sóknarnefnd
Einarsstaðasóknar til bíódags í Laugabíó.

Sýnd verður hin frábæra stórmynd Green Mile, með Tom Hanks,
Michael Clarke Duncan, David Morse, Bonnie Hunt og James
Cromwell. En þessi kvikmynd er full af kristilegum
skýrskotunum og boðskap.

Í hléi verður boðið upp á léttar veitingar í nýendurbættum matsal
Framhaldsskólans á Laugum.

Að sýningu lokinni flytur Þorgrímur Daníelsson
stuttan fyrirlestur um myndina.

Aðgangur er ókeypis.
16 ára aldurstakmark.
Sóknarnefnd.



**Stofa mín í Seiglu á Laugum verður opin
svona í janúar:**

21.janúar laugardag
23.janúar mánudag
28.janúar laugardag
(nánari opnun auglýst síðar)

Um að gera að vera tímanlega í pöntunum fyrir þorrablótin ☑
Tímapantanir í s: 698-3562 eða á facebook síðu minni,
Hársnyrtistofa Örnú í Seiglu.
Verið velkomin
Arna hársnyrtimeistari



Tilkynning -HSN

Frá og með miðvikudeginum 18. janúar verður hjúkrunarfræðingur með viðtalstíma á heilsugæslustöðinni á Laugum einu sinni í viku á miðvikudögum, vinsamlegast pantið tíma í síma 464-0501

Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á miðvikudögum og auglýsingum þarf því að skila á mánudögum

fyrir kl. 15:00. 😊

Verð hálsíðu er kr.3.200.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.4.300.- m.vsk

hlaupastelpan@isl.is—895-3386

kveðja Dagný

ATH!!!

*Ég tek ekki við
auglýsingum í gegnum
[facebook.com](https://www.facebook.com)*



Mikil verðlækkun á innfluttri vöru.

Á síðustu mánuðum hefur verð á innfluttum vörum lækkað mikið og hefur Dalakofinn lækkað verð til samræmis. Mikil umræða hefur verið um að verðslanir í landinu hafi ekki skilað þessari lækkun til neytenda og viljum við koma því til skila að Dalakofinn hefur svo sannarlega gert það. Okkar markmið er að vera með gott vöruúrval og góða þjónustu.

HM í handbolta

Nú er HM í handbolta að byrja og munum við sýna alla leiki Íslands auk annara leikja sem eru á dagskrá Ruv 2. Kominn er nýr skjávarpi sem gefur skarpari mynd og meiri gæði.

Verið velkomin,
Dalakofinn / Útibú ehf.
s. 464-3344 dalakofinn.is



Tilkynning varðandi nýtt fyrirkomulag á greiðslum húsnæðisbóta (áður húsaleigubætur)

Þann 1. janúar 2017 tóku gildi lög nr. 75/2016 um húsnæðisbætur og falla þá úr gildi lög nr. 138/1997 um húsaleigubætur.

Sveitarfélögin hafa hingað til annast afgreiðslu húsaleigubóta til einstaklinga en **frá 1. janúar 2017 munu eldri umsóknir um húsaleigubætur falla úr gildi** og mun Vinnumálastofnun annast afgreiðslu húsnæðisbóta frá þeim tíma. **Sérstakar húsaleigubætur og stuðningur vegna leigu 15-17 ára leigjenda á heimavistum og námsgörðum verður áfram hjá sveitarfélaginu.**

Umsóknum um húsnæðisbætur ber að beina til Vinnumálastofnunar til þess að geta átt rétt á greiðslu húsnæðisbóta frá **1. janúar 2017**. Vakin er athygli á að umsóknarferli varðandi húsnæðisbætur hjá Vinnumálastofnum er rafrænt á síðunni www.husbot.is. Þar má einnig finna eyðublöð til útfyllingar fyrir þá sem ekki er hafa tök á því að sækja um rafrænt. Frekari upplýsingar varðandi húsnæðisbætur má nálgast á heimasíðunni www.husbot.is og hjá Vinnumálastofnun. **Athugið að umsóknarfrestur vegna nk. janúarmánaðar er til 20. janúar 2017.**

Auglýsing um opið hús 2017.

Kæru eldri borgarar í Þingeyjarsveit! Við sendum ykkur óskir um gleðilegt ár og þökkum samveruna á liðnu ári. Að þessu sinni verður fyrsta opna hús á Litlulaugum þann 17.jan. Þá verður Arngrímur Geirsson gestur okkar með eitthvað í farteskinu.

Eftirfarandi dagsetningar eru þessar :

Litlulaugar,	17.jan. 7. og 28. feb., 21. mars ,síðasti dagur þar 25. apríl.
Stórutjarnaskóli,	24.jan.14. feb.,7. og 28. mars , síðsti dagur þar 2. maí.
Þingeyjarskóli,	31. jan 21.feb, 14. mars, 4. apríl, síðasti dagur þar 9. maí.

Hádegismatur kl 13:00 á öllum stöðum og munið að panta mat deginum áður fyrir kl 14:00.

Simanúmer: Litlulaugar,	862-3350
Stórutjarnaskóli	464-3222
Þingeyjarskóli	464-3583

Dagskrá hefst kl 14:00 og stefnt að því að hafa sitthvað til fróðleiks og skemmtunar. Í Seiglu er einnig ýmiskonar fönður í boði. Endilega ef þið lumið á einhverju þá er það vel þegið. Munið að Opið hús stendur öllum eldri borgurum í Þingeyjarsveit til boða og allir eru hjartanlega velkomnir. Maður er manns gaman.

Umsjónarkonur vetrarins eru:

Ásta Hersteinsdóttir	sími : 461-2203 og 849-4613
Hrefna Sævarsdóttir	sími 464-3454 og 821-3454
Halla L. Loftsdóttir	sími : 464-3562 og 867-6747
Ólína Arnkellsdóttir	sími: 464-3608 og 865-8882



ÞORRABLÓT REYKDAELINGA

verður haldið
laugardagskvöldið 28. janúar á Breiðumýri.

Hljómsveitin Lúxus spilar fyrir dansi.

Nánar auglýst síðar!

Þorrablótnefndin

Til eldri borgara Þingeyjarsveit

Ég biðst velvirðingar á mistökum á dagsetningu á dvöl á SPARIDÖGUM á Hótel Örk í Hveragerði en við eigum pöntuð 10 herbergi 2- 7. apríl 2017. Svo er fyrirhuguð vorferð 12-14 júní í Húnavatnssýslur en sú ferð verður auglýst nánar síðar

Nýárs kveðjur Siggi Páls (SíPá)

2. tbl.
11. jan
2017
24. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



ÞORRABLÓT Í BÁRDARDAL 2017



Laugardagskvöldið 21. janúar verður hið árlega þorrablót UMF Einingarinnar haldið í Kiðagili. Borðhald hefst klukkan 20:30 en húsið opnar 19:45. Dúkuð borð ásamt diskum, glösum og servéttum verður á staðnum en **EKKI** hnífapör svo endilega grípið þau með.

Aðgangseyrir er 2300 kr. og aldurstakmark 16 ár.
Hljómsveitin Dansbandið leikur fyrir dansi og mun einnig sjá um fjöldasöng.

Pantanir þurfa að hafa borist

fyrir klukkan 18 miðvikudaginn 18. janúar til

Ingvars á Hlíðarenda í síma 4643286, netfang

ingvaroganita@simnet.is eða Svönu á Engi í síma 4643298

Aðgangseyri er hægt að greiða við innganginn, **ATH ENGINN POSI** en einnig er hægt að leggja inn á reikning 1110-26-580, kt. 600799-2589 fyrir **kl. 16 föstudaginn 20. jan** (senda kvittun á mallalitle@hotmail.com). Nefndin mælir eindregið með að fólk leggi inn á reikning til að forðast troðning og óþarfa öngþveiti við innganginn

Sjáumst hress í upphafi þorrans
Kveðja nefndin